

Fundur haldinn 7. júní 2011 að Húnavöllum.

Dagskrá fundarins:

1. Nefndin skiptir með sér störfum.
2. Ingibergur Guðmundsson kynnir starfsemi Menningarráðs Norðurlands vestra.
3. Íbúahátíð 2011.
4. Önnur mál.

1. Maríanna setti fundinn og skiptu nefndarmenn þannig með sér störfum:

Formaður: Maríanna Þorgrímsdóttir

Ritari: Magdalena M. Einarsdóttir

Meðstjórnandi: Ólafur Magnússon.

2. Ingibergur Guðmundsson kynnti fyrir nefndinni starfsemi Menningarráðs Norðurlands vestra. Ingibergur afhenti nefndinni:

- Stefnu sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um sameiginlegt starf að menningarmálum.
- Samning um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um menningarmál og menningartengda ferðaþjónustu.
- Dreifibréf frá Menningarráði Norðurlands vestra.

3. Lögð voru drög að því að halda íbúahátíð Húnavatnshrepps 11. ágúst nk. Stefnt er á að halda hátíðina að Húnavöllum. Ólafur Magnússon ætlar að tala við Björn Þór um hvort hægt sé að fá húsnæðið á þessum tíma.

Nefndin ákvað að sjá um skipulagningu íbúahátíðar það kjörtímabil sem hún situr.

4. Ýmis menningar og íþróttamál rædd. Maríanna sagði frá fyrirspurn vegna Skjólisins á Blönduósi og ræddar voru forsendur fyrir því að börn úr Húnavatnshreppi gætu nýtt sér félagsmiðstöðina Skjólíð.

Fleira ekki gjört, fundi slitið.

Magdalena M. Einarsdóttir,
Maríanna Þorgrímsdóttir,
Ólafur Magnússon.